



Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

29. desember 2016

Athugasemdir um endurskoðað Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033

Seltjarnarnesbær óskaði með tölvupósti frá Kristni H. Guðbjartssyni byggingafulltrúa þann 22. nóvember sl. eftir athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Kjörsvæðis við endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033. Fram kemur að um er að ræða almenna uppfærslu til samræmis við núgildandi skipulagslög og skipulagsreglugerð. Tillagan sé í auglýsingu og að áætlað sé að staðfesta tillöguna í febrúar 2017.

Undirritaður hefur kynnt sér greinargerð með aðalskipulaginu og gerir eftirfarandi athugasemdir og koma þær fram með sömu kaflanúmerum og greinargerðin.

2.1 Í texta kemur fram að Seltjarnarnes sé sjálfstætt, þróttmikið og vistvænt sveitarfélag. Það segir sig sjálft að sveitarfélagið er sjálfstætt og um vistvænt segir í orðabók: „sem ekki mengar eða spillir náttúru og lífríki, umhverfissvænn. Þar sem allri mannlegri starfsemi fylgir mengun á orðið einstaklega illa við til að lýsa sveitarfélagi, benda má jafnframt á að náttúra Seltjarnarnes er að mestu leiti manngerð og fjörur raskaðar.

2.4. Niðurstaða er um að velja nokkurs konar millileið. Mjög óljóst er við hvað er átt. Má ekki bara segja millileið eða útskýra betur þá leið sem valin var.

2.6. Óheppilegt getur verið að geyma jarðefni svo nálægt byggð vegna hættu á rykmengun og gæti það kallað á mótvægisáðgerðir vegna hollustuhátta.

2.8.3 Æskilegt gæti verið að gera ráð fyrir áfyllingu olú á báta við höfnina með tilheyrandi mengunarvarnabúnaði til að eigendur þurfi ekki að sigla langar leiðir til að fylla á báta sína.

2.9.4. Í samræmi við náttúruverndarlög þarf að tryggja aðgengi almennings að fjöru líka þar sem byggð liggur að sjó.

2.12.3. Einfalt fráveitukerfi veldur miklu álagi í dælukerfi bæjarins þannig að óhreinsað skóp fer um yfirfall í of mörgum tilvikum. Skerpa þarf texta um hvort leggja eigi tvöfalt kerfi þar sem fráveita er endurnýjuð. Ef leiða á ofanvatn í grunnvatn þarf að gera betur grein fyrir þeirri leið s.s. með tilliti til hreinsunar. Vísið er í viðmið um náttúrufar þar sem segir að mengun verði engin í ám og vötnum. Athugið að engar ár og vötn eru á Seltjarnarnesi. Óraunhæft er að setja sér viðmið um enga mengun. Réttara væri að vísa í langtímamarkiðið sé A flokkur skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Þetta er nánar skýrt í síðustu málsgreininni hér að neðan.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2.13.2. Í rannsókn sem gerð var á lífríki Bakkatjarnar árið 2008 kom í ljós að lítil vatnsendurnýjun á sér stað í tjörninni og nauðsynlegt sé að dýpka hana til að sporna við uppsafnaðri mengun. Æskilegt er að fram komi mótvægisáðgerðir til að sporna við mengun í Bakkatjörn. Fræðslustígur umhverfis Bakkatjörn og Gróttu (sjá bls. 6 í deiliskipulagi) gæti haft neikvæð áhrif á varp, betra gæti verið að staðsetja fuglaskoðunarhús nálægt varpi og skilja eftir óspillt svæði við vatnið þar sem fuglar geta haft athvarf. Tryggja þarf verndun votlendis á Seltjarnarnesi. Sjá jafnframt 2.1.3.1 Gróttu „Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp....“

2.13.5. Það skýtur skökku við að Seltjarnarnesbær geri ekki ráð fyrir friðlýsingu á fjörur við Skerjafjörð innan marka sveitarfélagsins sem er í mótsögn við sjálfbært leiðarljós bæjarins og yfirlýsingar í þessu skjali í kaflanum um viðmið um náttúrufar á bls. 81. Enn fremur segir á bls. 83 að aðalskipulag Seltjarnarnes taki mið að náttúruverndaráætlun 2009-2013.

2.14. Koma mætti fram hvaðan Seltjarnarnes hyggst fá neysluvatn í framtíðinni og þá að sveitarfélagið standi að svæðaskipulagi um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og er aðili að samþykkt um verndun vatnsbóla innan höfuðborgarsvæðisins.

Koma þarf fram að ofanvatn verði ekki leitt til votlendis og tjarna nema að undangenginni hreinsun s.s. í settjörn eða sandsíu. Ofanvatn inniheldur ólífræn efni s.s. úr hjólbörðum, bremsuklossum, sink af húsbökum og salt af vegum o.fl. sem ógnað getur lífríki og getur verið nauðsynlegt að fjarlægja til að tryggja heilbrigt vatnalíf.

Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru ákvæði sem gera heilbrigðisnefndum að flokka vatn þ.m.t. strandlengjuna og setja langtímamarkmið í því skyni að viðhalda náttúrulegu ástandi þess. Í reglugerðinni er enn fremur kveðið á um að langtímamarkmið fyrir vatnið skuli koma fram á skipulagsuppráttum svæðis- og aðalskipulags og að sýna skuli flokkun vatnsins á skýringaruppráttum við gerð deiliskipulags. Þessari vinnu er ekki lokið en gera ætti grein fyrir þessu.

Seltjarnarnesbær þarf að setja sér stefnumörkun varðandi ferðamenn sem heimsækja vestursvæði s.s. með tilliti til hreinlætisaðstöðu og er þá vísað í áhyggjur landlæknis af útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería sbr. bréf til sveitarfélaga dagsett.

Virðingarfyllt,



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.